



Stúdentapólitík er pólitík

Á stúdentapólitík bara að vera eilíft tuð um bílastæðagjöld sem hefur engin viðtækari áhrif á samfélagið sem stúdentar tilheyra? Algeng klisja sem fólk heyrir um stúdentapólitík er að hún sé ekki og eigi ekki að vera tengd pólitík utan háskólans. Þælingin hljómar mjög vel en þegar betur er að gáð heldur hún engu vatni. Sé saga stúdentahreyfinga og hins akademíska samfélags skoðuð er augljóst að baráttan fyrir aðgengilegu háskólanámi og hagsmunum stúdenta sé hápólitísk. Stúdentar hafa þurft að berjast fyrir húsnæði fyrir stúdenta, betri náms- og kennsluáðstöðu, betra námslána-kerfi og betri háskóla almennt. Rödd stúdenta skiptir líka máli þegar kemur að alþjóðamálum, umhverfismálum og öllu öðru sem snertir háskólasamfélagið í breiðu samhengi. Oft á tíðum eru stjórnvöld nefnilega treg til aðgerða, þá skiptir öflug pólitísk barátta stúdenta öllu máli.

Hagsmunabarátta stúdenta er pólitík

Í grunninn snýst hagsmunabarátta stúdenta um að krefjast betri kjara fyrir stúdenta, kjarabæturarnar eru síðan stjórnvalda að framkvæma hvort sem það er háskólinn, sveitarfélög, ríkisstjórnin eða Alþingi. Dæmin eru endalaus, uppbygging Stúdentagarða og deiliskipulag háskólasvæðisins fer í gegnum borgaryfirvöld, breytingar á námslánakerfinu og skrásetningargjaldinu fara í gegnum Alþingi sem ákveður

líka á hverju einasta ári fjármögnun háskólans. Félagsstofnun Stúdenta varð bókstaflega til með lögum frá Alþingi. Þælið í því, Stúdentakjallarinn er rekin af stofnun sem varð til með lögum frá Alþingi en samt er því haldið fram að stúdentapólitík sé ótengd landspólitík.

Stúdentapólitík í samhengi

Baráttumál Röskvu hafa öll breiðari skirskotun en bara innan háskólans, baráttan fyrir samgöngukorti stúdenta er baráttan fyrir umhverfissvænni og ódýrara samfélagi og baráttan fyrir hækkun grunnframfærslurnar og námsstyrkja-kerfi í stað námslánakerfis er barátta fyrir jöfnu aðgengi að námi sem er mikilvægt vopn gegn efnahagslegum ójöfnuði. Meira segja litlir hlutir eins og tillaga Röskvu um uppbygg-ingu ungubarnahreiðra á háskólasvæðinu eru barátta í þágu jafnréttismála, ungir foreldrar eiga nefnilega líka að geta menntað sig.

Háskólinn er ekki eyland, hlutleysi er afstaða

Almennt er talið að eitt af því sem skilji Röskvu og hina fylkinguna að í Stúdentaráði sé það að Röskva tekur afstöðu í utanskólamálum og þá sérstaklega alþjóðamálum. Í fyrsta lagi hefur fylking núverandi meirihluta sögulega flakkað á milli þess að taka afstöðu í alþjóðamálum frá máli til máls.

Í öðru lagi hafa alþjóðamál gjarnan bein áhrif á stúdenta t.d. þegar bandarísk stjórnvöld banna ákveðnum háskólum að taka við alþjóðanemum, því er ekki bara um utanskólamál að ræða. Í þriðja lagi þá er það afstaða til alþjóðamála að fella tillögu um stuðning við akademíska sniðgöngu gagnvart Ísrael vegna þess að þú vilt ekki taka afstöðu. Í hlutleysi er ávallt hagar einhvers falinn. Í skjóli hlutleysis hefur Stúdentaráð núverandi meirihluta ekki tjáð sig um mennta- og þjóðarmorð á Gaza né í öðrum málum sem snerta hið alþjóðlega háskóla-samfélag. Ef Stúdentaráð tekur ekki afstöðu um hvort háskólinn eigi að versla við Rapyd þá skapast enginn þrýst-ingur um aðgerðir og sniðgöngu, að skila auðu er því ákvörðun sem hefur áhrif, í þessu tilfelli slæm.

Þetta er ekki flókið

Í raun er ég að kafa of djúpt í hlutina hér, þú þarft einfaldlega ekki að hafa meira en augu og eyru til að átta þig að háskól-inn er hluti af samfélagi, þar með hefur samfélagið áhrif á háskólann og öfugt. Jafnt aðgengi til náms og góð líf skjör stúdenta eru nefnilega ekki sjálfsögð, það þurfti og þarf að berjast fyrir því. Röskva er óhrædd við að gera það vegna þess að við erum pólitísk.

Snúum vörn í sókn!

Ármann Leifsson
forseti Röskvu

Ávarp Oddvita

María Björk Stefánsdóttir
Oddviti Röskvu



Kæru stúdentar,
Fyrir nokkrum mánuðum datt mér ekki í hug að ég ætti eftir að taka þátt í stúdentapólitík. Ef einhver hefði sagt mér að ég ætti eftir að verða oddviti Röskvu hefði ég líklegast skellihlegið og fundist það alveg fráleitt. Síðasta vor bauðst mér og vinkonu minni að koma á fund hjá Röskvu, sem við þáðum. Sannleikurinn er sá að ég hafði engan sérstakan áhuga á pólitík, hvað þá stúdentapólitík. Ég vissi í rauninni ekki hvers var að vænta, en ég var forvitin. Stuttu síðar var mér boðið að setja nafn mitt í annað sæti á lista Röskvu fyrir hönd Verkfræði- og Náttúruvisindasviðs. Ég ákvað að slá til. Þegar kosningabaráttan hófst fann ég fljótt að mér

hafði verið falin mikil ábyrgð fyrir hönd nemenda Háskóla Íslands. Ég tók þá ábyrgð alvarlega og metnaður minn fyrir því að tala fyrir hagsmunamálum ykkar fór sífellt vaxandi. Það var stór stund fyrir mig að vera kjörin í Stúdentaráð og sérstaklega að upplifa hvernig Rödd stúdenta getur haft raunveruleg áhrif á líf okkar allra. Stuttu eftir kosningar hvöttu félagar mínir mig til að taka að mér hlutverk oddvita. Ég skal viðurkenna að mér þótti þetta ansi bratt – nýstigin inn á þennan vettvang og án reynslu. Hvers vegna ég? En svo hugsaði ég hvers vegna ekki? Ég hafði jú kynnt mér stefnuna, tekið þátt í að móta hana og talað fyrir henni á opinberum vettvangi. Smá stress í byrjun, en það er bara hollt að fara út fyrir þægindarammann. Nú er haustönn byrjuð og ég er þakklát fyrir að hafa stigið þetta skref, þakklát fyrir hvatningu félaga minna og allan þann stuðning sem ég fékk frá ykkur. Vissulega fóru úrslit kosninganna í apríl ekki eftir væntingum. Það var svekkjandi að lenda aftur í minnihluta en ég er sannfærð um að það er tímabundið. Núverandi Stúdentaráð er skipað öflugum einstaklingum og **Röskva mun snúa vörn í sókn.** Réttlætiskennd er sterkur drifkraftur og hefur verið aflvaki alls míns starfs. Ég hafði ekki áður gert mér grein fyrir hversu miklum eldmóð ég bjó yfir til þess að berjast

fyrir réttlæti og hagsmunum annarra en bara minna eigin. Röskva kveikti þennan eldmóð. Röskva hefur haft afgerandi áhrif á háskólasamfélagið í nærri fjóra áratugi. Stefna Röskvu er að setja hagsmuni stúdenta í fyrsta sæti með gildi félagshyggjunnar að leiðarljósi. Þá störfum við ávallt eftir kjörorðum okkar þremur, jafnrétti, róttækni og heiðarleika. Afrekalisti Röskvu er langur og hefur skipt sköpum fyrir hagsmuni nemenda HÍ og bætt aðstöðu þeirra til náms á margvíslegan hátt. Ég vil sérstaklega vekja athygli á eftirfarandi:

- Frá árinu 2020 hefur okkur í tvígang tekist að koma í veg fyrir hækkun skrásetningargjalds í HÍ – Þeirri baráttu er ekki nærri lokið.
- Við fengum í gegn breytingar á skipulagi endurtökuþröfa á Félagsvisindasviði þannig að þau eru nú haldin bæði á haust- og vorönn.
- Stúdentaíbúðum fjölgaði um 21% á meðan við vorum í meirihluta í Stúdentaráði.
- Við höfum beitt okkur ötullega fyrir betra námslánakerfi.
- Barist fyrir afnámi skrásetningargjalda m.a. með kæru Röskvuliða sem leiddi til þess að gjöldin voru dæmd ólögmat.
- Að okkar tillögu var búin til staða alþjóða-fulltrúa á skrifstofu Stúdentaráðs og alþjóðanefnd SHÍ.

Allt þetta hefur skipt miklu máli fyrir nemendur Háskóla Íslands. Í Röskvu eru

starfandi 6 nefndir: skemmtinefnd, kynningarnefnd, alþjóðanefnd, málefnanefnd, nýliðunarnefnd og ritstjórn. Ég er forseti málefnanefndar og þykir ótrúlega skemmtilegt. Enn er tími til 1. október til að sækja um. Það verður að segjast eins og er að það hefur komið mér á óvart hvað þetta er gefandi. Frá því ég byrjaði í Röskvu hef ég eignast vini og hitt fólk úr öllum deildum háskólans sem ég hefði aldrei annars haft tækifæri til að hitta. Það hefur aukið víðsýni mína og verið mjög upplýsandi að kynnst ólíkum sjónarmiðum. Ég vil hvetja ykkur öll til að taka þátt. Komið á fundi og leggið ykkar af mörkum í umræðuna. Röskva er vettvangur fyrir alla, hvort sem þú brennur fyrir pólitík eða ekki. Auðvitað er líka passað upp á að halda stemningunni í lagi. Einu sinni í mánuði höldum við stórfundi sem eru öllum opnir og eftir þá fundi setjumst við niður og höldum samtalinu áfram yfir bjór.

Ég hlakka til að sjá ykkur öll og heyra hvað ykkur liggur á hjarta. Í Röskvu lærir maður fljótt að **Rödd** hvers og eins skiptir máli. Láttu þína **Rödd** heyrast!

Með góðri kveðju,

María Björk Stefánsdóttir
Oddviti Röskvu

Vertu með í Röskvu !

TJARNARBÍÓ

Leikhúsið við Tjörnina

Ávarp Ritstýru

Valeria Bulatova
Ritstýra Raddarinnar



Hæ stúdent!
Það er eiginlega stórkostlegt hvað maður þarf stundum að kyngja miklu bulli í stúdenta-pólitík. Oddviti meirihlutans lýsti nýverið í haustblaði fylkingar sinnar spenningi sínum fyrir því að **halda landsmálum utan stúdenta-pólitíkur**. Já, þú last rétt. Sá sem á að standa vörð um hagsmuni okkar allra vill að við látum eins og við búum í einhverri parallel veröld þar sem námslán og húsnæðismál eru bara side quest sem við þurfum ekki að klára. Það mætti nánast fylgja með hlátursbraut í bakgrunni.
Ég veit ekki með þig, kæri stúdent, en ég er ekki alveg viss um að það sé hægt að búa í Háskóla Íslands eins og hann sé bara SimCity og restin af landinu bara einhver DLC-pakki sem við þurfum ekki að hlaða niður.

Mér var allavega strax misboðið þegar ég las þetta. Svo mikið að ég blés til stofnunar nýs málagns innan veggja Háskóla Íslands. Enda er nú löngu orðið ljóst að þörf er á nýrri Rödd í háskólanum, Rödd sem **þorir** að fjalla um pólitík og háskólasamfélagið í heild sinni, Rödd félagshyggjunnar, **Rödd stúdenta**. Röddin verður hér með **málagn Röskvu**, vettvangur fyrir róttæka, heiðarlega og skemmtilega umræðu um allt það sem varðar hagsmuni stúdenta og tengist landsmálum – **því landsmál og hagsmunir unga fólksins eru nefnilega tveir óaðskiljanlegir hlutir og hafa alltaf verið það**. (sjá grein “Stúdentapólitík er pólitík” á fyrstu síðu).
En aftur að innblæstri mínum. Sem rökhusandi manneskja hugsaði ég auðvitað að það væri nú varla hægt að halda landsmálum utan stúdentapólitíkur – nema farið væri krókaleið. Það eru nefnilega **forréttindi að geta tekið þátt í stúdentapólitík** alveg eins og það eru **forréttindi að geta valið að vera hlutlaus í landspólitík**. Að vilja halda landsmálum utan stúdentapólitíkur er í raun pólitísk yfirlýsing. Sjálf afstaðan krefst forréttinda og hefur áhrif á það hvaða raddir fá rými og hvaða raddir fá ekki rými.
Því öll sem hafa prófað að vera í háskólanámi vita að **stúdentapólitík og landsmál eru nánast samheiti**. Námslán? Landsmál. Leiguverð? Landsmál. Skattar og samgöngur? Landsmál. Það er **óhjákvæmilegt** að stúdentapólitík skarist við landsmál:

hvort sem það varðar fjármögnun háskóla, húsnæðismál, samgöngumál, fjárhagsöryrgi stúdenta, velferðarkerfið, alþjóðamál eða jafnvel loftslagsmál. Að segja að stúdentar skuli ekki ræða þau mál innan stúdentahreyfingar getur því þýtt að umræðunni sé haldið á „öruggu“ og afmörkuðu sviði – **sem er pólitísk afstaða**.
Sérstaklega er fyndið að rýna í hvernig valdi í þessu þverpólitíska hagsmunafli er raunverulega dreift. **Flestöll þeirra sem kjörin hafa verið af Stúdentaráði í launaðar valdastöður á skrifstofu SHÍ á síðustu tveim árum hafa nefnilega verið mjög virk í starfi Sjálfstæðisflokksins**. En til að búa til skrautlega fjölbreytni er einum og einum vinstrimanni hent inn á framboðslista og sagt: “Sjáið hvað við erum opinn hópur! Þú mátt vera með!”
En einmitt þegar maður heldur að þetta geti varla orðið verra stígur forseti SHÍ upp á sviðið eins og hann sé í heimildarmynd um spillingu. Stofnar útgáfufyrirtæki í fyrra og viti menn – artistar þaðan fá gíg á Októberfest! Textbook hagsmunaárekstur. Eins og hann hafi spurt chat: **“hvernig græði ég á því að vera forseti SHÍ?”** og fylgt öllum skrefunum.
Ég þurfti heldur ekki að vera hátt sett í stúdentapólitík til að komast að þessu – einfaldlega hafa augu til að taka eftir plaggötum útgáfufyrirtækis sem hanga umhverfis skólann. Í dagsbirtu, eins og enginn taki eftir þeim. Eins og það sé

verið að testa hvort við séum glaðvakandi.
Kæri stúdent, ef þú heldur að þetta sé botninn – þá er ég mætt með lykilinn að kjallaranum. Fyrir fjórum mánuðum var kosið um hækkun skrásetningargjaldsins í háskólaráði og fulltrúi meirihlutans... jú, hann mætti, **fékk 78.870 kr. greitt fyrir fundinn en gleymdi hreinlega að kjósa gegn hækkuninni**. Gleymdi. Svo tók það sitjandi meirihluta þrjá mánuði í viðbót að muna að tjá sig um skrásetningargjaldið yfirhöfuð. Ef þetta heitir að vaka – **þá þarf einhver að fara að rýna í orðabækurnar**.
Mikið er það hughreystandi að sami maður skuli líka vera fulltrúi minn og þinn í stjórn Menntasjóðsins. Já, sá sem gleymdi að kjósa gegn því að rukka okkur um hærra gjald er líka sá sem á að tryggja að lána-kerfið virki. Kannski kemur næsta hugmynd þar í formi nýrrar þjónustu: „Menntasjóður námsmanna – við bjóðum nú upp á 0% vaxta smálán fyrir **bílastæðagjöldum!** Þú veist, sem meirihlutinn lofaði svo hátiðlega að koma í veg fyrir... en gleymdi líka.“

Bless í bili stúdent, ég get ekki boðið þér byltingu, en ég get gefið þér **Rödd**. Þú verður síðan að ákveða sjálfur hvað þú gerir við hana.

Þetta er
allt í
appinu!



alfreð



KR OSS
GÁTA

RADDA
INNAR

LÓÐRÉTT

1. Fyrir hverja berst Röskva

3. Bróðir Röskvu

4. Uppáhalds litur Röskvu

5. Mikilvægasta slagorð Röskvu

LÁRÉTT

2. Tákn Röskvu

7. Tónlistarhátíð Röskvu
(heimsendir í goðafræði)
8. Forseti Röskvu

9. Ekkert fals

10. Vilji til raunverulegra umbóta

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

Þarf alltaf að grafa með skóflu?

Maggi Snorrason
Verkfræðinemi

Samfélaginu fylgir tregða. Nú er ég enginn félagsvísindanemi heldur bara í verkfræði. Ég ætti því líklegast auðveldar með að reikna út hraðagildi í tregðukerfum en að útskýra hvað ég á við. En þegar ég hugsa til samfélagsins þá er tilfinningin um tregðu í eðlisfræðinni og tregðuna í samfélaginu sú sama. Enda er tregða þess eðlis að hlutir sem eru á ákveðinn hátt breytast ekki nema vinna sé lögð í að breyta þeim. Sú vinna getur verið gríðarleg en ef líkindin eru næg milli tregðu samfélags og eðlisfræðinnar þá er eitt ljóst: Vinnan skilar sér margfalt betur þegar henni er beitt rétt og það þarf stúdentahreyfingin að átta sig á.

Það er þó ekki þar með sagt að ef

ætlunarverk stúdentahreyfingarinnar hitti ekki nákvæmlega í mark þá sé öll vinnan til einskis. Þvert á móti verður hún oftast til þess að við mjökumst í rétta átt sama hvernig henni er beitt. Rétt eins og ef hola er mokuð með skóflu í stað gröfu þá tekur verkið lengri tíma en klárast þó að lokum. Stundum er ekki einu sinni hægt að sjá með fljótu bragði hvernig hægt er að nota gröfuna og kannski kemst grafan ekki einu sinni fyrir. Þá er bara eitt í stöðunni og það er að moka með skóflunni.

Sama á við í hagsmunabaráttunni, eins og þegar markmiðið er að breyta löggjöf. Til þess gæti þurft viðhorfsbreytingu í samfélaginu, sem gerist oft ekki nema með mikilli vinnu og víðtæku samstarfi félaga-samtaka; með skóflunni. Við sjáum það í umræðunni um námslánakerfið. Stúdentahreyfingin beitir stöðugum auglýsingaherferðum til þess að fá almenning til að átta sig á hversu lélegt kerfið er. Eða jafnvel að sannfæra almenning um að stúdentar

eigi stuðning skilið. Tregða samfélagsins virðist vera gríðarleg gagnvart því að styðja ásættanlega við stúdenta eins og önnur lönd gera.

En svo koma augnablik þar sem meitillinn hittir steininn á hárréttum stað og ég tel mig hafa upplifað eitt slíkt í hagsmunabaráttunni. Einn nístingskaldan marsmorgun árið 2023 stóðu Röskvuhetjur þétt saman fyrir utan Ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu. Kuldinn nam -7°C en skilaboð stúdenta voru nógu brýn til þess að standa hann af sér. Skilaboðin voru einföld: Háskóla Íslands vantar milljarð til þess að ná endum saman, annars munu gæði háskólamenn-tunar skerðast. Meðal stúdenta var Rebekka Karlsdóttir, þáverandi forseti SHÍ fyrir hönd Röskvu, með undirbúin gögn sem studdu mál hreyfingarinnar. Á hliðarlínunni stóðu blaðamenn tilbúnir frá helstu fréttamiðlum landsins. Ráðherrar byrjuðu að streyma út úr Ráðherrabústaðnum eftir nýafstaðinn ríkisstjórnarfund. Rebekka var fljót til og

afhenti Katrínu Jakobsdóttur eintak þegar hún kom út.

Þegar hún afhenti Bjarna Ben eintak var þó fátt annað hægt en að fyllast aðdáun, því þrátt fyrir að Bjarni hafi margra áratuga reynslu af stjórnmálum og gerði tilraun til klassískrar tilraunar að skjóta kröfur stúdenta niður þá lét Rebekka ekkert koma í veg fyrir að skilaboðin bærust. Hún spurði Bjarna beinskeyttra spurninga sem sýndu vel hversu undirbúin hún var og það mátti sjá að hann gafst fljótlega upp á að reyna að draga úr alvarleika málsins. Þessi gjörningur rataði á Vísi, mbl.is, kvöldfréttir RÚV og Stöð 2 og vakti almenning til umhugsunar.

Þetta sýnir hvernig það þarf ekki alltaf að moka með skóflunni. Stundum þurfum við bara að draga fram gröfuna líkt og Rebekka gerði. Skipuleggja og undirbúa vel, sýna eldmód í verki og vera óhrædd við að beita frumlegum og róttækum aðferðum.

Leigðu bíl á
34.950 kr.* á mánuði
(ef **kæro** borgar helminginn)

* Fullt verð frá 69.900 kr. á mánuði.

GO leiga

roskvaroskva.is

Það er hægt að koma í veg fyrir hækkun skrásetningargjalds

Katla Ólafsdóttir
Kosningastjóri Röskvu



Röskva hefur frá árinu 2020 barist gegn – og komið í veg fyrir – hækkun skrásetningargjaldsins tvisvar sinnum. Núna er ekki bara verið að ræða málin

heldur er búið að leggja fram frumvarp um hækkun þess, vegna þess að með Vöku í forsvari Stúdentaráðs vantar alla hagsmunagæslu fyrir stúdenta.

Ég veit að þetta tal um skrásetningargjaldið er allt frekar flókið svo mig langar að gera tilraun til að útskýra ferlið á mannamáli. Byrjum árið 2020, þegar háskólaráð ályktaði að rektor skyldi leitast við ráðherra að skrásetningargjaldið yrði hækkað úr 75.000 kr. í 104.000 kr. Til þess að hækka skrásetningargjaldið þarf nefnilega að breyta lögum, því þetta er þjónustugjald sem má bara innheimta með skýrri lagaheimild. Ráðherra háskólamála þarf því að leggja fram frumvarp á Alþingi til þess að hækka hámarkið sem opinberum háskólum er heimilt að innheimta af nemendum. Ef slík lagabreyting yrði samþykkt þá getur háskólaráð ákveðið að hækka skrásetningargjaldið.

Þegar þetta kom upp árið 2020 fór Stúdentaráð, með Röskvu í meirihluta, strax á fullt að verja hagsmuni stúdenta og eftir fund með Lilju Alfreðsdóttur, þáverandi ráðherra

háskólamála, var fallist á að gjaldið yrði ekki hækkað að sinni. Röskva taldi nefnilega vafa leika á því hvort innheimta gjaldsins stæðist lög – skoðum það aðeins betur.

Kostar virkilega hundrað þúsund kall að skrá okkur í skólann? Stuttu svarið er nei. Í lögum um opinbera háskóla stendur nefnilega að háskólinn megi ekki innheimta skrásetningargjöld nema fyrir þeim kostnaði sem snýr að skráningu nemenda og þjónustu við þá, gjöldin mega þar að auki ekki renna til kennslu og rannsóknna. Röskva lét ekki staðar numið árið 2020 og kærði skrásetningargjaldið til áfrýjunarnefndar háskólanema með Röskvuliðann Jessý Jónsdóttur í fararbroddi, þar sem við teljum hluta gjaldsins vera ólögmætan. Gjaldið fer nefnilega í mun fleiri hluti en bara skráningu nemenda, það fer í ýmsa þjónustu, burtséð frá því hvaða þjónustu stúdent nýtir sér. Röskva dregur í efa að það standist lög um opinbera háskóla, þ.e. við teljum að háskólinn sé að rukka stúdenta **meira en lögin heimila**. Og við erum ekki ein á þessari skoðun, því í október árið 2023 komst áfrýjunarnefndin að þeirri niðurstöðu að HÍ hefði ekki byggt á nægjanlega traustum útreikningum við ákvörðun skrásetningargjaldsins og taldi það því ólögmætt. Háskólinn gat ekki sýnt í hvað peningarnir voru nýttir, sem sýndi að skrásetningargjöldin eru í raun falin skólagjöld en ekki þjónustugjöld. Röskva vinnur enn að málinu þrátt fyrir að vera í minnihluta og nú er þessi kæra aftur komin fyrir áfrýjunarnefnd í ljósi

nýrra útreikninga frá HÍ – og enn er beðið eftir niðurstöðu. **Áframhaldandi hagsmunabaráttu Röskvu** Skrásetningargjaldið var ekki hækkað árið 2020, þökk sé háværrari baráttu Stúdentaráðs sem starfaði í umboði Röskvu og Röskvuliðans sem kærði gjaldið – en árið 2022 var tilkynnt að aftur yrði reynt að hækka gjaldið, í þetta sinn í 95.000 kr. Röskvu tókst þó aftur að koma í veg fyrir það. Um leið og Stúdentaráð frétti af áformunum um að hækka gjaldið hófst undirbúningur að herferðinni „*Stúdentar splæsa*.“ Líkt og nafnið gefur til kynna snerist herferðin um að stúdentar eigi ekki að brúa bil vanfjármögnunar háskólanna með hækkuðum skrásetningargjöldum, en fjármögnun háskólakerfisins er langt undir OECD meðaltalinu. Ríkið þarf að sinna lögbundinni skyldu sinni að fjármagna háskólana. Herferðin náði hápunkti þegar Stúdentaráð mótmælti hækkun gjaldsins fyrir utan Ráðherrabústaðinn, en Rebekka Karlsdóttir, þáverandi forseti Stúdentaráðs, grillaði Bjarna Benediktsson og Katrínu Jakobsdóttur sem lýstu því yfir að skrásetningargjöldin yrðu ekki hækkuð.

Staðan núna Í maí síðastliðnum samþykkti háskólaráð á ný að leitast eftir hækkun skrásetningargjaldsins við ráðherra, í þetta sinn allt að 180.000 kr., sem væri 140% hækkun. Núna í september tilkynni Logi Einarsson háskólaráðherra síðan það að hann hygðist hækka skrásetningargjaldið í 100.000 kr.

sem er léttir miðað við í hvað stefndi. Það er hins vegar mjög óvarlegt og órökrétt að ætla að hækka skrásetningargjaldið þegar enn er deilt um lögmæti þess og beðið er eftir niðurstöðu áfrýjunarnefndar. Þar að auki er mjög sárt að sjá hvað Stúdentaráð í umboði Vöku hefur lítið látið málið sig varða en þau hafa vitað af þessu síðan síðasta vor þegar málið fór fyrir háskólaráð. Sagan sýnir að það er hægt að koma í veg fyrir hækkun skrásetningargjaldsins en það gerist ekki ef forsvarsmenn Stúdentaráðs mæta ekki á fundi og klóra sér síðan í kollinum.

Ert þú á móti hækkun skrásetningar gjalda?

SKANNABU MIG

SCAN ME

SKANNABU MIG

Undirskriftarlísti Röskvu

Skrifaðu undir undirskriftarlísta Röskvu

ÉG VIL AÐ STÚDENTAR EIGI EFNI Á VELO FREEZE OG MÉR FINNST UMHVERFISMÁL BORING

Jóhannes Óli Sveinsson
Blaðamaður Raddarinnar



Það er ekkert sem ég hata meira í heiminum heldur en þegar ég segi mömmu að ég eigi engan pening og hún segir mér, án þess að horfa upp úr símanum, að hætta að taka í vörina. Í fyrsta lagi er galið hvað hún hefur sterkar skoðanir á því að ég noti nikótín í heilbrigðasta

formi sem völ er á (Velo Freeze) og svo er þessi hugsunarháttur almennt óþolandi.

Við höfum öll heyrt þetta, þegar maður er í háskólanámi á maður ekki að eiga pening heldur borða núðlur, ekki fara í bíó og alls ekki út að borða! Þegar maður nurlar svo saman 1380 kr til að fara í Sundhöll Reykjavíkur er einhver gamall karl í pottinum að tala um að ungt fólk kunni ekki að harka, hafi það alltof gott og séu alltaf í útlöndum. Það er eflaust alveg rétt hjá þessum gamla karli, ég er algjör aumingi og kann ekkert að harka en mér er alveg sama. Af hverju má ég ekki bara vera í háskólanámi **og** búa við fjárhagslegt öryggi, klára BA **og** taka fimm punkta Velo Freeze eða vera á námslánnum **og** kaupa ekki Euro Shopper pastað?

Menntasjóður námsmanna (MSNM) er eitt mikilvægasta jöfnunartólið sem við sem samfélag höfum því hann gerir fólki sem hefur ekki sterkt fjárhagslegt bakland kleift að mennta sig — en akkúrat núna sökkar hann. Framfærslulán MSNM er 265.000 kr. ef maður er í leiguhúsnæði og einhleypur en samkvæmt framfærslureiknivél umboðsmanns skuldara þarf barnlaus einstaklingur 230.000 kr. til framfleyta sér, að leigukostnaði, hita og rafmagni undanskildu. Sem sagt, samkvæmt útreikningum frá ríkinu sjálfu hafa einstaklingar

sem lifa á námslánum frá ríkinu 35.000 kr. til að eyða í leigu, hita og rafmagn. Þá er bara eitt í stöðunni: vinna með námi með tilheyrandi álagi, lélegri námsárangri OG ef þú vinnur of mikið þá skerðir Menntasjóðurinn líka námslánið á móti. Það er auðvitað svo þú farir alveg örugglega ekki að spreða peningum í Rummo pasta eða 400ml bjór á fæti því það er bannað að gera eitthvað næs og vera á námslánnum. Það verður að breyta þessu, hækka framfærsluna og frítekjumarkíð, lækka námskostnað og bregðast við gífurlega háu leiguverði á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt gerist ekki í tómarúmi heldur með því að stúdentar haldi áfram öflugri hagsmunabaráttu, veki athygli á þessu og krefjist breytinga. Ekki yfir eitt ár, heldur alltaf. Pólitíkin hreyfist hægt og krafan verður að vera skýr ár eftir ár svo einhver hlusti.

P.S. Eftir að hafa eytt tveimur árum í menntaskóla að reyna að bjarga heiminum á Twitter og leggja niður námsstörf til að mótmæla aðgerðarleysi stjórnvalda ákvað ég að hætta að þykjast. Ég hef ekki áhuga á eða óttast sérstaklega loftslagsbreytingar, ókei? I said it — mér finnst þetta bara boring. Ekki misskilja, ég vil alveg að við drögum úr losun, flokkum og mengum minna en ég ætla ekki að láta eins og ég hafi skoðun á þessu, mig langar bara að einhver vísindamaður sem er gáfaðri en ég búi til plan og stjórnvöld fylgi því eftir. Frekar basic.

Þess vegna var ég ekkert mjög hneykslaður þegar ég heyrði fyrst af síðustu herferð Stúdentaráðs, “Stúdentar taka til” — eitthvað sjálfbærnisstöff. Ég hélt að mér fyndist hún bara ekki áhugaverð en þetta væri örugglega rosa mikilvægt, ég er búinn að fara á nógu mörg Gulleggsvíso til að vita að sjálfbærni er góð. Ég sum sé tók þessu af mikilli reisu til að byrja með en núna er ég búinn að hugsa málið í sumar og

taka U-beygju, ég er ekki bara illa upplýstur — þessi herferð var drasll!

Þælið í því, íslenskir stúdentar eiga evrópumet í atvinnuþátttöku samhliða námi, leiga á stúdentagörðum er alltof há og það var verið að setja nikótínskatt á Velo Freeze. Námslánið sökka líka, framfærslan er alltof lág, vextirnir alltof háir og ef þú vinnur of mikið á sumrin færðu póst frá einhverjum þjónustufulltrúa sem segir NEI, þú mátt ekki taka meira af þessu draslláni okkar til að lifa af — gleymdu því vinur. Á sama tíma og skrifstofa Stúdentaráðs rúllaði út sjálfbærniherferðinni var líka ný ríkisstjórn að taka við, dauðafæri á að hækka hitann og setja pressu á ráðamenn sem vilja sanna sig í nýjum embættum. Vitandi allt þetta, vitandi af þeim áskorunum sem stúdentar standa frammi fyrir var samt ákveðið að segja ekkert um þær, heldur fara frekar bara í samkeppni við græna svaninn um að gefa fyrirtækjum gæðastimpil.

Það jákvæða í þessu er að oftast er farið í svona herferð einu sinni á ári svo Stúdentaráð getur bætt sig strax í vetur! Ég legg til að í ár verði fókusað á eitthvað sem skiptir alla stúdenta máli: Að námskostnaður lækki, að koma í veg fyrir hækkun skrásetningargjaldsins eða undanþágur frá bílastæðagjöldum fyrir fólk sem þarf að vera á bíl. Þetta er það sem skiptir máli, að hagsmunabaráttan sé virk og fyrir framan augun á samfélaginu öllu, sigrarnir vinnast ekki á einu ári heldur með því að þjösnastrár eftir ár í að stjórnvöld bæti líf stúdenta. Þannig tryggjum við áframhaldandi uppbyggingu stúdentagarða, lægri námskostnað og aukin gæði náms.



Er Strætó besta leiðin fyrir nema?

Árni Steinn Norðfjörð
Blaðamaður Raddarinnar



Hversu mikið getur þú sparað á ári með því að taka strætó í stað þess að keyra í skólann? Verð á bensíni fer síhækkandi og HÍ er byrjaður að rukka heiðarlega nemendur

fyrir bílastæði og er því rétt að spyrja: Er bíllinn í raun skynsamasti samgöngumátinn fyrir háskólanema? Getur verið að strætó – oft álitinn síðasta úrræði – sé í raun besti fjárhagslegi valkosturinn? **Tökum dæmi:** Nemandi sem býr í úthverfi Reykjavíkur og keyrir í skólann 5 daga vikunnar í 9 mánuði (frá september til maí) keyrir u.þ.b. 15 km á dag. Það eru 1.925 km á skólaári. Með meðal eldsneytisnotkun og bensínverði (u.þ.b. 320 kr/l) getur bensín-

kostnaður numið allt að 60–90.000 kr yfir árið. Þegar viðhald bíls og gjaldskyld stæði í HÍ eru talin með fer kostnaðurinn fljótt yfir 150.000 kr.* Háskólanemar fá 50% afslátt af árskortri strætó upp á 56.000 kr. Þá eru mögulega 100.000 kr. sparnaður á skólaári miðað við fyrri útreikninga.

Það segir sig sjálft að það er líka gott fyrir umhverfið að taka strætó. Að keyra í skólann losar um 400 kg af CO₂ á skólaári. Að ferðast með strætó minnkar kolefnisspor þitt verulega. Síðan minnkar umferðin þegar fleiri nemendur ferðast saman. Minni umferð þýðir meira svigrúm.

Það eru þó líka ókostir við að taka strætó sem þú ættir að hafa í huga. Með bíl geturðu farið hvenær sem er og farið beint á áfangastað, en strætó er aðeins flóknari. Hann stoppar af og til, fer ekki alltaf beint til HÍ og stundum þarftu að skipta um vagn. Þannig að ferðin tekur lengri tíma og þú þarft

kannski að leggja af stað fyrr en þér þætti annars nauðsynlegt. Strætó er ekki mjög áreiðanlegur á háannatíma eða í slæmu veðri og sæti er heldur ekki alltaf tryggt.

Röskva hefur hins vegar lengi staðið með nemendum þegar kemur að bættum samgöngum. Til dæmis barðist hreyfingin fyrir næturstærð, mikilvægri þjónustu fyrir námsmenn sem ferðast heim seint á kvöldin eða um helgar. Næturstærð er líka frábær leið til að komast heim eftir djammíð. Það er ódýrara en leigubíll, og það munar miklu. Frá árinu 2018 hefur Röskva líka barist fyrir afsláttarkorti sem myndi gera almenningsamgöngur eins og strætó, deilibíla og rafmagnshlaupahjól enn ódýrari þegar bílastæðagjöldin í HÍ myndu koma á.

Þegar þú hugsar út í kostnað og umhverfisáhrif er svarið nokkuð ljóst: strætó er ekki síðasta úrræðið. Það er ekki beint lúxus, en það er fjárhagslega sniðugt. Það er gott fyrir

veskið, fyrir jörðina og hugsanlega fyrir skapið í byrjun dags, þar sem þú glímar ekki við umferð og þarft ekki að finna stæði.

Vissulega er þægilegra að eiga bíl þar sem þú getur farið hvenær sem er, en því fleiri sem taka strætó, því betur verður þjónustan. Meiri eftirspurn = meira framboð. Eigum við ekki bara að prófa þetta?

**Hægt er að reikna með tryggingum og bifreiðagjöldum en þessar vangaveltur snúast einungis um að taka strætó í skólann, ekki að losa sig algjörlega við bílinn.*



Samfylkingin

Vertu með!

Skráðu þig í Samfylkinguna

xs.is/takathatt



Penningarnir þínir mega vinna líka

Árni Steinn Norðfjörð
Viðskiptafræðinemi



Kæri lesandi, ekki mis- skilja mig, ég er ekki að setja þig í aumingja- flokkinn fyrir að vilja keyra. Ég vil aðeins sýna þér, með augum viðskiptafræðinema,

hvar krónurnar þínar nýtast betur en í bensín- tanki á druslu sem þú klófestir af miðaldra bilagæja á Facebook.

Þegar það kemur að þínum fjármálum er það aldrei slæm hugmynd að setja hluta af sparnaði þínum í hlutabréf eða sjóði. Margir halda að slíkar fjárfestingar séu einungis fyrir þau ríku en það er einfaldlega ekki satt. Það er gríðarlega mikilvægt, sérstak- lega á háskólaárunum, að byrja að byggja upp grunn að fjárhag þínum. Að fjárfesta einhverjum sparnaði, sama hversu miklu eða litlu, mun leiða til verulegs vaxtar til langs tíma lítið. Sama hvort þú sért sérfræðingur eða byrjandi geturðu, svo lengi sem þú lærir grunnatriðin, látið peningana vinna fyrir þig.

En hvað eru fjárfestingar? Það er að setja peninga í eitthvað sem hefur mögu- leika á að hækka í verði. Þú ert í raun að láta peninginn þinn vinna í stað þess að hann sitji fastur á debetkortinu. Það er tvennt sem gerir

Fjárfestingar basics fyrir nema

fjárfestingar svona kraftmiklar: vaxta- vextir (e. compound interest) og þolinmæði. Vaxtavextir (eða samsettir vextir) eru það sem gerist þegar vextirnir sem þú græðir af sparnaði byrja að safna vöxtum af sjálfum sér. Þegar vextirnir vaxa byrja þeir að safnast hraðar upp eins og snjóbolti að rúlla niður brekku.



Tökum dæmi: Þú leggur 20.000 kr. á mánuði í vísitölusjóð með um 10% árlega ávöxtun. Á 10 árum hefur þú fjárfest 2,4 milljónum í sjóðinn en með vöxtum hefur það vaxið í ~3,8 milljónir. Eftir 20 ár, ~13,7 mill- jónir. Eftir 40 ár, ~120 milljónir. Þannig eru vaxtavextir og þolinmæði bestu vinir. Algengustu leiðirnar til að fjárfesta eru í **hlutabréfum**, **sjóðum** og **rafmynt** (e. crypto). Hlutabréf og rafmynt geta verið áhættusöm

fjárfesting og til að hún borgi sig krefst það oft mikillar rannsóknarvinnu. Fyrir flesta námsmenn eru sjóðir eða skuldabréf betri kostur. Hér eru þrjár einfaldar fjárfestingar- leiðir, frá þeirri minnst áhættusömu til þeirra áhættusömustu.

Skuldabréf

(e. bonds) eru í raun að lána peninga til ríkis, sveitarfélags eða fyrirtækis. Þeir skuldbinda sig til að greiða þér vexti reglulega og endur- greiða höfuðstólinn á ákveðnum gjalddaga. Áhættan er minni en í hlutabréfum, en ávöxtun yfirleitt lægri. Þessi leið er oft valin til stöðugleika frekar en mikils hagnaðar. Hægt er að skoða og kaupa íslensk skulda- bréf í flestum símaforritum banka.

Fjárfestingarsjóðir

(e. mutual funds) er fé sem hópur fjár- festa leggur saman og sérfræðingar stýra. Sjóðurinn kaupir ýmis verðbréf, eins og hlutabréf og skuldabréf, til að dreifa áhætt- unni. Sem fjárfestir átt þú hlut í sjóðnum og færð ávöxtun eftir frammistöðu hans. Áhættan fer eftir því í hverju sjóðurinn fjárfestir. Hlutabréf eru meiri áhætta en skuldabréf minni. Með símaforriti eins

og Trading 212 er hægt að fjárfesta í erlen- dum sjóðum án þóknunargjalds, en hægt er að kaupa í íslenskum sjóði eins og IS Funds eða Stefni í gegnum bankaappið þitt.

Vísitölusjóðir og ETF-sjóðir

(e. index funds & ETFs) eru sjóðir sem spegla ákveðna markaðsvísitölu, til dæmis OMXI15 eða S&P 500, með því að kaupa öll (eða flest) verðbréfin í vísitölunni í réttu hlut- falli. Sumir fylgja markaðsvísitölu og aðrir fylgja ákveðnum geirum, eins og tækni eða orku. Kostnaður er lágur og markmiðið er að fylgja markaðnum, ekki að reyna að sigra hann. ETF-sjóðir eru svipaðir vísitölusjóðum en eru skráðir á markað og hægt er að kaupa og selja þá eins og hlutabréf.

Fyrir okkur námsmenn getur það að fjár- festa sparnaði sínum í hlutabréf eða einhverju minna áhættusömu eins og vísitölusjóði skipt sköpum fyrir fjárhagslega framtíð okkar. En eitt er mikilvægt að hafa í huga, fjár- festing er (í langflestum tilfellum) ekki fljót- leg leið til að græða pening. Eina örugga leiðin til að vinna gegn markaðnum er að spila til langs tíma.

Það er bara ein hreyfing fyrir vinstrisinnaða stúdenta HÍ

Auður Halla Rögnvaldsdóttir
Blaðamaður Raddarinnar



„Stúdentapólitík skiptir ekki máli,” er setning sem ég heyri mjög oft. Ég var alveg sammála. Þegar vinir mínir voru að reyna að fá mig í Röskvu hugsaði ég „Þessi stúdentapólitík er bara eitthvað glorified Alþingis-role-play” og fékk eiginlega bara kjánahroll þegar fólk talaði um þetta eins og þetta væri mikilvægt. En svo ákvað ég bara að taka þátt í þessu leikriti og í millitiðinni áttaði ég mig á því að það skiptir kannski einhverju máli hverjir séu rödd stúdenta. Það skiptir máli hvaða aðilar sitja við borðið þegar teknar eru ákvarðanir sem varða alla nemendur. Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur raunveruleg völd. Við sem nemendur erum langstærsti hópurinn innan háskólans og það gefur okkur vægi. En þetta vægi nýtist ekki nema við nýtum röddina okkar. Það skiptir máli hver talar fyrir okkur.

Það skiptir máli fyrir hvaða gildum fólkið í Stúdentaráði stendur.

Þegar við kjósum til Alþingis hugsum við: „Hvaða flokkur endurspeglar mín gildi? Hver deilir minni sýn á samfélagið?” Það er vegna þess að við vitum að þau sem við kjósum munu taka stórar ákvarðanir fyrir okkar hönd og við viljum að þær ákvarðanir séu í takt við okkar heimsmynd. Það sama á við um stúdentapólitík. Þar erum við líka að velja fólk sem fær umboð til að taka ákvarðanir fyrir okkar hönd sem hafa áhrif á okkar daglega líf í skólanum, okkar efnahag og velliðan. Fólk sem á að sjá til þess að passað sé upp á okkar hagsmuni.

Og þá er valið í stúdentaráðskosningunum í rauninni einfalt: Viltu kjósa fylkingu sem viðurkennir og stendur fyrir skýrri sýn, sýn félagshyggjunnar, þar sem jöfnuður óháð efnahag, aðgengi og réttlæti er haft að leiðarljósi — eða kýs maður fylkingu sem kallar sig „pólitískt hlutlausa“ en hefur skipað Sjálfstæðisfólk í öll lykilembætti á skrifstofu SHÍ tvö ár í röð?

Hlutleysi er ekki til í stjórnmálum, hvorki í landsmálum né innan stúdentahreyfinga. Að þykjast vera ópólitískur þegar ákvarðanir þínar endurspeglar ákveðin gildi og forgangsörðun er einfaldlega villandi.

Við eigum að vita hver stendur fyrir hverju. Við eigum að taka upplýsta ákvörðun. Kjósum fólk sem deilir okkar gildum. Kjósum félagshyggju.

Kjósum Röskvu.

Kaffibolli og bók?

Gerist ekki betra

Bóksala stúdenta

Opið 9-17

bóksala stúdenta

Hvaða Röskvutýpa ert þú?

Hvaða Röskvu-win er þitt uppáhalds?

A Næturstrætó

B Komum þrisvar í veg fyrir hækkun skrásetningargjaldsins

C Sjúkrapróf tekin í janúar á félagsvisindasviði

Hvaðan færðu koffínið þitt?

A Eih orkudrykk

B Cappuccino (kaffi með mjólk)

C Svart kaffi

Uppáhalds Röskvuviðburður?

A Ragnarök!

B Haustferðin því málefnastarfið er svo skemmtilegt!

C Klakagjörningurinn fyrir framan Háskólatorg

Hvar er best að læra?

A Kjallaranum (eða VR2)

B Röntgen

C Skólanum

Uppáhalds lag?

A Lífið er veisla með GEMIL

B Giver með Chappel Roan

C Maistjarnan

Hvaða hagsmunamáli stúdenta brennur þú mest fyrir?

A Að stöðva hækkun skrásetningargjaldsins (aftur)

B Að tryggja undanþágur frá gjaldskyldunni fyrir foreldra og fólk af landsbyggðinni

C Að gera námslánakerfið eins og í Danmörku

Flest A :
Djannarinn
Pólitíkusinn
Baráttukindinn


Flest B :
Flest C :

roskvaroskva.is

Röskva fyrir alþjóðanema

Abdullah Arif &
Alþjóðafulltrúi Röskvu

Hildur Agla Ottadóttir
Blaðamaður Raddarinnar



Alþjóðanemum fer sífellt fjölgandi í HÍ. Árið 2023 voru þeir 2019 talsins, eða 14% nemenda. Þeir eru sérstaklega margir í framhaldsnámi en tæplega helmingur doktorsnema eru af erlendu bergi brotnir. Alþjóðanemar eru því órjúfanlegur hluti háskólasamfélagsins og auðga menningu og fjölbreytni í HÍ. Þeir gera háskólann sýnilegri á heimsmælikvarða og mynda alþjóðleg tengsl við menntastofnanir út um allan heim fyrir hönd HÍ. En alþjóðanemar eiga gjarnan sértækra hagsmuna að gæta og því er mikilvægt að standa vörð um hagsmuni þeirra. Röskva gerir það.

Alþjóðanefnd innan Stúdentaráðs Háskóla Íslands var stofnuð af frumkvæði Röskvu en hún ver réttindi alþjóðanema og styður við alþjóðavæðingu Háskóla Íslands. Fyrir það var engin nefnd í Stúdentaráði sem sinnti alþjóðanemum sérstaklega. Röskva hefur barist fyrir réttindum þeirra frá upphafi og þetta skref sýnir sterka skuldbindingu okkar við hagsmunabaráttu alþjóðanema. Við viljum að alþjóðanemar fái rödd, séu sýnilegir og njóti stuðnings á öllum sviðum háskólasamfélagsins.

Hvað viljum við bæta?

Skýr og aðgengileg upplýsingamiðlun

Röskva telur mikilvægt að allar lykilupplýsingar (t.d. um námsmat, skráningu og styrki) séu í hið minnsta aðgengilegar á góðri ensku. Röskva styður því tvítyngda upplýsingagjöf á öllum stigum HÍ. Einnig hvetur Röskva HÍ til þessa að bjóða alþjóðanemum upp á gjaldfrjálst íslenskunámskeið. Alþjóðanemar kljást oft við tungumálaörðugleika sem gerir þeim erfiðara fyrir félagslega og stundum líka námslega.

Dvalar- og atvinnuleyfi

Dvalar- og atvinnuleyfi eru gjarnan stærsta áskorun alþjóðanema á Íslandi. Umsóknarferlið hjá Útlendingastofnun er oft langt og óskýrt. Nemendur þurfa stundum að biða mánuðum saman eftir niðurstöðu og margir fá dvalarleyfið ekki fyrr en misserið er þegar hafið. Þá er erfitt að mæta í skólann, sérstaklega þar sem sum námskeið krefjast mætingar frá fyrsta degi og nemar þurfa virkt dvalarleyfi til að hefja nám. Röskva telur þetta óþarflega streituvaldandi ferli og að það þurfi að einfalda, hraða og gera það

gagnsærra. Atvinnuleyfi geta líka valdið mikilli streitu. Ólíkt innlendum nemum þurfa alþjóðanemar að fylgja mjög ströngum reglum Vinnumálastofnunar. Þeir þurfa fyrst að fá vinnu og sækja síðan um atvinnuleyfi áður en þeir geta hafið störf. Samþykki getur tekið einn til þrjá mánuði án fyrirvara.

Á meðan þurfa nemar að biða án tekna sem veldur miklu álagi fjárhaslega í landi sem er nú þegar með háan framfærslukostnað. Auk þess eru atvinnuleyfi bundin við einn vinnuveitanda. Vilji nemi skipta um starf þarf að endurtaka allt ferlið. Þetta hefur líka áhrif á störf innan háskólans, eins og aðstoðarkennara- og rannsóknarstöður. Röskva vill að atvinnuleyfi séu veitt samhliða dvalarleyfum, bundin einstaklingnum en ekki starfinu og að umsóknin sé á ábyrgð umsækjanda en ekki vinnuveitanda. Röskva telur að alþjóðanemar eigi rétt á sanngjörnu aðgengi að íslenskum vinnumarkaði og að þessar takmarkandi reglur verði endurskoðaðar og bættar.

Aðgengi að húsnæði

Alþjóðanemar mæta oft skertu aðgengi að öruggu og viðráðanlegu húsnæði og hafa gjarnan lítið eða ekkert bakland hérlendis. Margir koma án þess að skilja hvernig íslenski húsnæðismarkaðurinn virkar og upplýsingar um hann eru oft óaðgengilegar. Húsnæðiskostir stúdenta eru nokkrir en þegar sótt er um að leigja á stúdentagörðum eru nemendur einfaldlega settir á biðlista eftir stöðu námsumsóknar sinnar. Óljóst er hvaða húsnæði er raunhæft að fá, hvað biðlistar eru langir eða hvernig kerfið virkar í raun.

Því biða margir mánuðum saman án þess að fá boð og neyðast loks til að leita að húsnæði á almennum markaði. Hátt verð og takmarkað framboð gerir þetta oft fjárhagslega ósjálfbært. Röskva telur að þessi skortur á gagnsæi skapi óþarfa óvissu og streitu. Háskólinn þarf að tryggja að upplýsingar um nemendahúsnæði séu skýrar og aðgengilegar, sérstaklega fyrir alþjóðanema sem ekki þekkja íslenska húsnæðismarkaðinn.

Inngilding og stuðningur

Þótt alþjóðanemar séu mikilvægur hluti HÍ-samfélagsins glíma margir þeirra við einmanaleika og erfiðleika við að aðlagast íslensku samfélagi. Ólíkt skiptinimum, sem njóta oft sérstakra prógramma, viðburða og tengslaneta, fá þeir sem koma hingað í fullt nám sjaldnast skipulagðan stuðning við aðlögun. Tungumálaörðugleikar gera einnig þátttöku í félagslífi erfiðari og skapa hindranir bæði í námi og félagslegu samhengi. Röskva telur að aðstoð við inngildingu alþjóðanema verði að ganga lengra en móttaka í upphafi náms. Alþjóðanemar þurfa jafnan aðgang að upplýsingum, viðburðum og þjónustu allan námsferilinn. Það þarfnast meira frumkvæðis til að skapa tækifæri svo að alþjóðlegir og íslenskir nemar hittist, tengist og myndi vináttu. Félagslegir viðburðir, leiðsagnarprógrömm og bætt fræðileg aðstoð á ensku eru dæmi

um leiðir til að ná þessu markmiði.

Jafnræði í kostnaði

Alþjóðanemar borga oft hærrí gjöld fyrir aðgengi að þjónustu eða þurfa að greiða fyrir vottorð og skráningu með flóknari hætti. Afslættir og fjárhagslegir styrkir eiga að gilda jafnt fyrir alla. Röskva vill að námsaðstæður séu hagkvæmar fyrir alla óháð ríkisfangi eða þjóðerni.

Skólagjöld alþjóðanema

Röskva er eindregið á móti áformum núverandi háskólamálaráðherra um að innheimta há skólagjöld frá nemum utan EES. Innritun alþjóðanema við HÍ er nú þegar tiltölulega lág miðað við aðra háskóla. Þeir sem koma hingað í háskólanám eru oft í námi eins og íslensku sem öðru máli, jarðfræði eða miðaldafræði. Útskrifaðir nemar úr þessum greinum leggja oft sitt af mörkum á íslenskum vinnumarkaði eða í akademíu. Eftirtektarvert er að Vaka hefur aldrei mótmælt þessari tillögu um að rukka alþjóðanema um skólagjöld.

Það er rétt að minna á að margir í framhalds- og doktorsnámi séu alþjóðanemar. Þeir gegna lykilhlutverki í þekkingarsköpun, nýsköpun og þróun íslensks samfélags. Há skólagjöld myndu minnka fjölbreytni háskólans og hægja á framförum Íslands í menntun og rannsóknum.

Aðgengi að lýðræði

Röskva telur að kosningar og þátttaka í Stúdentaráði, nefndum þess og félögum eigi að vera aðgengileg fyrir alþjóðanema. Nú mæta þeir hindrunum vegna skorts á upplýsingum á ensku, vanþekkingar á íslenskrí stúdentapólitík og takmarkaðra tækifæra til að bjóða sig fram í embætti. Til að bregðast við þessu vinnur Röskva að auknu aðgengi með skýrum, aðgengilegum upplýsingum á nokkrum tungumálum um kosningar og nefndarsetu. Röskva styður einnig framboð frá fólki sem hefur annað tungumál en íslensku að móðurmáli og hvetur alþjóðanema til að taka virkan þátt í ákvarðanatöku. Með aukinni þátttöku tryggir Röskva að Stúdentaráð endurspegli fjölbreytileika háskólasamfélagsins.

Aukið vægi alþjóðanema styrkir lýðræðið, bætir ákvarðanatöku og tryggir að raddir allra nemenda heyrast og séu teknar til greina við mótun stefnu, viðburða og verkefna í Háskóla Íslands.

Nám

Röskva telur að alþjóðanemar eigi að geta sótt um lengri prófatíma, fengið próf á ensku og notað orðabækur í prófum. Einnig er mikilvægt að alþjóðanemar fái að skila verkefnum á ensku. Röskva bendir á að mörg námskeið séu aðeins í boði á íslensku, jafnvel í námi sem á að vera kennt einungis á ensku. Þetta getur hamlað alþjóðanemum í sérgrein sinni og seinkað útskrift. Til að tryggja aðgengi að námi og styðja alþjóðavæðingu telur Röskva að öll alþjóðleg námsprógrömm eigi að bjóða meirihluta námskeiða á ensku eða

með valmöguleikanum að geta stundað þau á ensku. Með því að auka framboð námskeiða á ensku geta alþjóðanemar tekið fullan þátt í námi sínu, það styrkir stöðu háskólans á alþjóðasviði og sýnir skýra skuldbindingu um jafnræði og námsárangur fyrir alla nemendur.

Tengslanet og starfsferill

Röskva vekur athygli á að aðgangur að starfsnámi, rannsóknarverkefnum og nemendastörfum sé lykilatriði fyrir alþjóðanema til að öðlast hagnýta reynslu og nýta nám sitt til fulls. Margir alþjóðanemar mæta hindrunum vegna strangra reglna um atvinnuleyfi og skorts á upplýsingum um tækifæri sem takmarkar möguleika þeirra til að taka þátt í verkefnum sem tengjast námi þeirra beint.

Röskva vill efla starfsstuðning sem er sniðinn að þörfum alþjóðanema. Það felur í sér leiðbeiningar um hvernig eigi að fóta sig á vinnumarkaði, námskeið á ensku um ferilskrárgerð og viðtalstækni og viðburði þar sem nemar tengjast mögulegum vinnuveitendum og leiðbeinendum í rannsóknum. Með því að bæta aðgang að viðeigandi starfsreynslu getur Háskóli Íslands hjálpað alþjóðanemum að byggja upp merkingarþæran starfsferil, stuðlað að íslenskri nýsköpun og rannsóknum og styrkt orðspor háskólans á heimsvísu.

Hagnýtur stuðningur

Alþjóðanemar glíma oft við áskoranir tengdar hagnýtum og stjórnsýslulegum þáttum lífsins á Íslandi. Flestar upplýsingar um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfa, skattamál, húsnæðisbætur og heilbrigðiskerfið eru aðeins á íslensku sem gerir nemum erfitt að skilja kerfið og réttindin sín. Margir þekkja ekki starfsemi stéttarfélaga, hvernig á að lesa launaseðil, hvenær og hvernig á að skila skattframtali eða hvernig hægt er að sækja um persónuafslátt, orlof eða húsnæðisbætur. Jafnvel einföld atriði eins og að fara til heimilislæknis eða að bregðast við neyðartilvikum geta orðið ruglingsleg án skýrra leiðbeininga.

Röskva telur að þessar upplýsingar eigi að vera aðgengilegar á ensku. Það felur í sér skýrar leiðbeiningar, vinnustofur og stuðning sem hjálpar alþjóðanemum að fóta sig hjá Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, skattkerfinu, húsnæðiskerfinu og heilbrigðisþjónustunni. Með því að veita þessi verkfæri og stuðning getur HÍ tryggt að alþjóðanemar geti búið, starfað og stundað nám á Íslandi á öruggan hátt án óþarfra hindrana og streitu. Þess vegna hefur Röskva gefið út stuttan leiðarvísi með helstu hagnýtu upplýsingum fyrir alþjóðanema.

Með Röskvu heyrast raddir alþjóðanema! Saman byggjum við samfélag sem tryggir inngilding og er fjölbreytt, hnattrænt og alþjóðlegt.

S			4	8	3			7
					6			2
		2	8				9	
U				1			8	5
				9		7		
							4	3
D			7	3		4		
			6					
		4			7	5		1

O	2	8			6	5		
			7			3		9
	9							1
K				3		1		4
		6						2
		9		8				5
U		2	3	5		7		6
	8							
								7

Að tala en skila engu

Katla Ólafsdóttir
Kosningastjóri Röskvu



Það eru erfiðir tímar, að minnsta kosti fyrir stúdenta. HÍ hefur byrjað að rukka fyrir bílastæði, verðið í Hámu fer hækkandi og háskólaráðherra ætla að hækka skrásetningargjaldið í 100.000 kall. Ég er svo sem heppin, ég á ekki nema eitt ár eftir í HÍ, en það er erfitt að fylgjast með í hvað stefnir.

Bílastæðagjöldin eru skollin á við HÍ, þrátt fyrir falleg loforð hinnar fylkingarinnar um að þau skyldu sko aldeilis redda þessu! Það er nefnilega Röskva sem rukkar, samkvæmt hinni fylkingunni. Gjaldskyldan var hins vegar aldrei innleidd í öll sjö ár sem Röskva var í meirihluta, frá 2017 til 2024 (þrátt fyrir að Háskólinn hafi nú reynt það), vegna þess að Röskva barðist gegn þeim, nema mótvægisáðgerðir fyrir stúdenta væru innleiddar. Ég get þó ekki álasað hinni fylkingunni fyrir það eitt að gjaldskyldan sé komin á – það var hreinlega óhjákvæmilegt – en mér finnst ekki heiðarlegt að lofa að koma í veg fyrir eitthvað sem er í raun óumflýjanlegt.

Það eru margar ástæður fyrir því að HÍ hefur ákveðið að rukka fyrir bílastæði og það er óþarfi að tíunda þær allar, en ég ætla að reyna að kjarna þetta í stuttu máli. Aðalástæðan er sú að í Vatnsmýrinni eru stærstu vinnustaðir landsins (Landspítali og HÍ) auk þess sem þar er að finna fjölda mörg önnur fyrirtæki og ýmsa þjónustu, sem fara ört stækkandi. Við viljum hafa líf og fjör á háskólasvæðinu, en það er langt síðan að spár sýndu að eitthvað þyrfti að gera, því það er bókstaflega ómögulegt að koma öllu þessu fólki inn á svæðið ef allir koma á einkabil. Aðilarnir hérna í Vatnsmýrinni tóku sig því saman fyrir mörgum árum síðan og fóru að plana hvernig mætti hvetja fólk til þess að notast við aðra ferðamáta en einkabilinn til að koma á svæðið – og gjaldskylda á bílastæðum er ein þeirra aðgerða.

Röskva hefur frá upphafi barist fyrir því að nauðsynlegt sé að á móti komi niðurgreitt samgöngukort fyrir stúdenta ef setja á gjaldskyldu, auk þess sem taka þarf mið af þeim stúdendum sem hafa ekki annarra kosta völ en að mæta á bíl. Þessu var HÍ búinn að lofa og við héldum þessari baráttu uppi allan okkar tíma í meirihluta, með þeim afleiðingum að gjaldskyldunni var frestað eins

lengi og raun ber vitni. Nú er þó önnur fylking komin í meirihluta sem lofaði að koma alfarið í veg fyrir gjaldskylduna, sem gekk augljóslega ekki eftir. Allavega, gjaldskyldan var alltaf að fara að verða að veruleika, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Með núverandi fyrirkomulagi er tímagjald á skammtímastæðum 230 kr. en stúdentar og kennarar við HÍ geta gerst áskrifendur að langtímastæðum, sem kostar 1.500 kr. á mánuði. Þessu má fagna að einhverju leyti, þetta eru mjög væg gjöld, en það er ekkert sem kemur í veg fyrir að þau hækki. Og stúdentar fá ekkert í staðinn. Það er ekkert sem auðveldar stúdendum að taka aðra ferðamáta, sem er tilgangur gjaldskyldunnar, og það eru engar mótvægisáðgerðir fyrir stúdenta sem þurfa að mæta á bíl. Stúdentaráð berst ekki einu sinni fyrir þessu lengur.

Að öðru sem mig langar stuttlega að ræða. Ég hef tekið eftir því undanfarið að verðið í Hámu hefur hækkað talsvert frá því í fyrra. Ég hef fengið mér sömu samlokuna síðustu tvö árin og hún fer að nálgast þúsundkallinn. Auðvitað hækkar verð á milli ára vegna verðbólgu og breytts kaupmáttar en mér finnst þetta áhugavert í ljósi þess að Röskva var ásökuð um það að loka Hámu

og hækka verð í síðustu tveimur kosningum þar sem hún var með meirihluta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta, sem rekur Hámu. Nú er þó kominn nýr meirihluti í stjórn FS, en ekkert virðist breytast? Svo ég beiti nú rödd skynseminnar þá er FS nefnilega sjálfs-eignarstofnun sem þýðir að hún er rekin á núllinu, hún græðir ekki neitt. Því er ekki að furða að verðið lækki ekki skyndilega með nýjum meirihluta og að Hámunar sálugu, sem varð að loka vegna skerts gróða í kjölfar Covid, séu ekki aftur opnar. Ég vona að svo verði og að Hámunar nái sér á strik, en ég ætla ekki að falla í þá gryfju að kenna einstaklingunum í stjórn FS um.

Það er nefnilega ekki vænlegt til árangurs að lofa hlutum sem er erfitt og jafnvel ómögulegt að framkvæma. Við skulum muna hver kom í veg fyrir gjaldskylduna alla sína meirihlutatið með því að krefjast raunhæfra mótvægisáðgerða og hver kennir ekki einstaklingum í stjórn sjálfseignarstofnunar um að samlokur séu orðnar dýrar – við búum á Íslandi.

Spjall við stúdentaráðsliða

Soffía Svanhvít Árnadóttir
Blaðamaður Raddarinnar



Afhverju röskva?

Victoria

Röskva berst fyrir réttindum alþjóðlegra nema sem virðast standa frammi fyrir sifellt meiri áskorunum með hverju ári. Ég tel að háskólinn ætti að endurskoða afstöðu sína til stuðnings við nemendur utan ESB varðandi vega-bréfsáritunar- og atvinnuleyfismál. [Sem stendur tekur háskólinn þá afstöðu að „ekkert sé hægt að gera“, sem mér finnst algjörlega ófullnægjandi.]

Ef þú værir einráður í skólanum hverju myndirðu breyta?

María

Röskva eru samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands og ég held það sé mjög mikilvægt að félagshyggjan ráði för innan háskólans. Það er margt sem þarf að gera til að tryggja jafnrétti til náms og það er einmitt markmið Röskvu.

Ég myndi afnema skráningar-gjöldin við Háskóla Íslands! Menntun á að vera aðgengileg öllum óháð fjárhag.

Magnús

Bróðir minn kynnti mig fyrst fyrir Röskvu. Eftir því sem ég lærði meira um málefnin og starfið fór mig að langa að taka þátt og sé svo sannarlega ekki eftir því.

Ég myndi hafa friann Nocco í HÍ.

Katla

Ég trúi á að jafn aðgangur að námi stuðli að félagslegu réttlæti og jafnara samfélagi í heild sinni. Þess vegna er ég vinstri kona og samsvara mig við stefnu Röskvu.

Ég myndi lýsa yfir akademískri sniðgöngu gagnvart ísraelskum háskólum á stundinni!

Helena

Röskva stendur fyrir raunverulegum hagsmunum nemenda og hefur í gegnum árin sett nemendur í 1. sæti. Það er svo mikilvægt að standa vörð um mál sem standa nemendum nærri eins og samgöngumál, húsnæðismál og aðgengi allra til náms!

Ég myndi fella niður bílastæðagjöld og tryggja samgöngukort á sanngjörnu verði fyrir nemendur HÍ. Það skiptir miklu máli að öll hafa jafnt aðgengi að háskólanámi og trúi ég að þetta sé góð leið til þess að tryggja það.

Helga

Röskva er málefnaleg og skemmtileg hreyfing sem berst fyrir hagsmunum allra stúdenta! Það er mikilvægt að Röskva verði áfram stór í stúdentaráði því hún hefur skilað stúdendum ótal mörgum sigrum í átt að jafnrétti til náms.

Ég myndi banna lokapróf sem vega meira en 60%, fjölbreyttara námsmat er öllum í hag.

Guðlaug

Ég sá margt innan háskólans sem ég vildi breyta, eins og misjafn réttur til sjúkraprófa eftir því hvaða námi þú ert í. Nema í sálfræði og lyfjafræði hafa til dæmis ekki rétt til sjúkraprófa, er það ekki galið?

Ég myndi fjölga skólasálfræðingum svo allir í skólanum geti komist til sálfræðings þegar þau vilja.

Röddin, tölublað 1.
Haust 2025.

Prentun: Landsprent
Upplag: 1000 eintök
Fjöldi síða: 24

Ritnefnd:
Árni Steinn Norðfjörð
Hildur Agla Ottadóttir
Jóhann Haukur Sveinbjörnsson
Soffía Svanhvít Árnadóttir
Sóley Anna Jónsdóttir

Prófarkalestur:
Ármann Leifsson
Katla Ólafsdóttir
Sóley Anna Jónsdóttir

Ritstjórn:
Valería Bulatova

Umbrot og hönnun:
Soffía Sól Andrésdóttir



Viðburður Röskvu

